
Seiðaelisstöð við Þorvaldsdalsárós, Dalvíkurbyggð Ákvörðun um matsskyldu

Inngangur

Þann 31. janúar 2017 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Laxósi ehf. um fyrirhugaða seiðaelisstöð við Þorvaldsdalsárós, Dalvíkurbyggð samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 1.11 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Dalvíkurbyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Laxós, sjógönguseiðastöð við Þorvaldsdalsárós, Eyjafirði. Tilkynning um framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Laxós ehf, 24. janúar 2017.

Umsagnir bárust frá:

- Dalvíkurbyggð með bréfi dags. 22. febrúar 2017
- Fiskistofu með bréfum dags. 22. febrúar og 1. mars 2017
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 21. febrúar 2017
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 6. mars 2017.
- Matvælastofnun með bréfi 23. febrúar 2017
- Minjastofnun Íslands með bréfi 20. febrúar 2017
- Orkustofnun með bréfi dags. 9. mars 2017
- Samgöngustofu með tölvubréfi 8. febrúar 2017
- Umhverfisstofnun með bréfum 10. febrúar og 23. febrúar 2017
- Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 21. mars 2017

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti 11. febrúar, 16. febrúar, 20. febrúar, 21. febrúar, 23. febrúar, 27. febrúar, 27. febrúar, 28. febrúar, 7. mars, 7. mars, 9. mars og 22. mars.

Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhugað sé að byggja seiðaelisstöð við ósa Þorvaldsdalsár í Dalvíkurbyggð. Stefnt sé að framleiðslu á allt að 1.200 tonn af sjógönguseiðum og/eða unglaxi á ári. Ætlunin sé að reisa um 3.200 m² skemmu sem muni meðal annars hýsa klak-, startfóðurs- og seiðaelisdeild ásamt lager, verkstæði, starfsmannaaðstöðu. Jafnframt verði 4.300 m² pallur með 10 eldiskerjum fyrir sjógönguseiði á útisvæði. Þá sé gert ráð fyrir um 1.000 m² athafnasvæði á milli skemmu og útisvæðis.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að um 70% af eldisvökva verði endurnýttur og að 50% af úrgangsefnum verði hreinsað úr frárennsli frá stöðinni. Úrgangurinn fari í söfnunartank. Gert sé ráð fyrir að allt að 78 tonn af lífrænum úrgangi renni í sjóinn á ári. Frárennislögn í sjó muni liggja 20-80 m í norðaustur frá eldisstöð eða þar til sjávarbotn nái 6-8 m dýpi. Utan við ströndina verði komið fyrir festubóli fyrir brunnbát þangað sem sérstök lögn muni liggja til að afhenda seiði.



Í gögnum málsins kemur fram að við eldi á 1.200 tonnum af laxaseiðum/unglaxi þurfi um 120 l/sek af sjó og 180 l/sek af ferskvatni. Fyrirhugað sé að bora eftir vatni á tveimur stöðum sunnan við áætlaða eldisstöð. Vatnslagnir verði grafnar í jörðu og sú lengri verði ríflega 700 m löng. Sjór verði ýmist tekinn úr þremur borholum nyrst á framkvæmdasvæði eða með sjódælubrunni sem staðsettur verði u.þ.b. 1 km norðaustan stöðvar. Lögn úr sjódælubrunni verði sökkt ofan í leir- og sandbotn með steiptum lóðum.

Í tilkynningu kemur fram að aðkoma verði um veg sem fyrirhugað sé að leggja norðan við íbúðarhús við Aðalbraut 9. Þessi áform hafa þó breyst meðan Skipulagsstofnun hefur haft málið til meðferðar.

Fram kemur að núverandi sjóvarnargarður sem liggur norðan við Ægisgötu verði lengdur um u.þ.b. 120 m til austurs til að stöðva landbrot. Áætlað sé að fyrir 100 m langan sjóvarnargarð sé efnispörf 2.000-3.000 m³ og að efni verði að öllum líkindum tekið úr opinni námu á sjávarkambi norðan Hauganess.

Fram kemur að fyrirhugað byggingarsvæði sé að hluta votlent og því þurfi að færa til jarðveg á svæðinu. 17.300 m³ af fyllingarefni þurfi í grunn undir eldismannvirki, vegna vegagerðar og fyrir athafnasvæði. Áætlað sé að nýta 12.500 m³ af efni úr malarkambi og fjöru við árósin sem fyllingarefni en að aðflutt fyllingarefni verði um 4.800 m³.

Umhverfisáhrif

Í greinargerð framkvæmdaraðila er fjallað um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á nokkra umhverfisþætti.

Landnotkun, ásýnd og landslag

Í tilkynningu kemur fram að fyrirhuguð seiðaeldisstöð verður á svæði sem skilgreint er í aðalskipulagi sem hverfisverndarsvæði vegna sérstakra landslagsgerða jarðmyndanna og stórbrotins landslags og fjölbreyttra náttúruminja. Fyrirhugað fiskeldi muni rísa á svæði sem njóti verndar sem útivistarsvæði en sérstakar landslagsgerðir, jarðmyndanir og náttúruminjar séu ofar með ánni og beri ekki skaða af uppbyggingunni.

Fram kemur að mannvirki muni þrængja að Þorvaldsdalsá en gert sé ráð fyrir opinni gönguleið meðfram ánni.

Fram kemur að stöðin verði sýnileg frá næstu íbúðarhúsum. Íbúðarhúsin liggja um 6-7 m hærra en stöðin sem verði öll á einni hæð. Því muni útsýni frá húsunum ekki takmarkast. Vatnslagnir verði lagðar í jörðu og frágangur á borholum verði þannig að sem minnst fari fyrir þeim og þær verði lítt sýnilegar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að framkvæmdasvæðið sé aðeins í um 40 m fjarlægð frá íbúðarhúsum og sé á svæði sem njóti hverfisverndar sem útivistarsvæði. Staðsetningin geti verið óheppileg vegna nálægðar við byggð og gengið verði á ósnortna náttúru.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að einungis eitt hús sé í um 40 m fjarlægð frá stöðvarhúsum, eitt hús sé í um 50 m fjarlægð frá stöðvarhúsum og önnur hús séu mun lengra frá. Þá kemur fram að húsin standi á grunnfleti sem sé um 6 m hærra en grunnflötur stöðvarhúss. Mesta hæð stöðvarhúsa verði 6-8 m.

Í umsögn Dalvíkurbyggðar kemur fram að náttúrufyrirbrigði sem tilgreind séu í hverfisvernd 807-HV í aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar, sé ekki að finna á þeim stað sem stöðin muni rísa.



Fiskgengd og veiði

Fram kemur að Þorvaldsdalsárfoss sé um 1,5 km fyrir ofan fyrirhugað framkvæmdasvæði og að hann sé ekki fiskgengur. Bleikja sé í ánni ofan við foss en stöku flökkulax gangi í ánni á sumrin neðan við foss. Að mati framkvæmdaraðila muni framkvæmdin ekki hafa nokkur áhrif á fiskgengd í ánni.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram sjóbleikja veiðist í Þorvaldsdalsá og að starfandi sé veiðifélag fyrir ánni. Ekki liggi þó fyrir upplýsingar um fjölda fiska sem veiðst hafi í ánni síðustu ár. Aðstæður kunni að vera til staðar til að byggja upp og auka möguleika á nýtingu veiðihlunninda á svæðinu. Að mati stofnunarinnar muni framkvæmdin breyta umhverfinu við árósin og gæti haft áhrif á aðstöðu til veiða þar. Stofnunin bendir á að mikilvægt sé að hafa samráð við veiðifélag ársins vegna framkvæmdarinnar.

Í svari framkvæmdaraðila segir að ekki hafi verið eftirspurn eftir veiðileyfum í Þorvaldsdalsá og að aldrei hafi verið seld veiðileyfi í ánni. Staðbundin bleikja sé fyrir ofan foss en að sjóbleikjustofn fyrir neðan foss sé löngu horfinn. Náttúrulegan laxastofn sé ekki að finna í ánni og á síðastliðnum árum hafi ekki orðið teljandi vart við lax í ánni. Þá kemur fram að framkvæmdaraðili hafi kynnt fyrir stjórn Veiðifélags Þorvaldsár áætlanir sínar um að taka vatn úr dreni við ánni. Veiðifélagsmenn hafi ekki haft neinar athugasemdir við fyriráætlanir framkvæmdaraðila.

Í síðari umsögn Fiskistofu kemur fram að stofnunin telji skýrt að vatnstaka, eins og henni er lýst, muni ekki hafa veruleg áhrif á lífríki ársins. Einnig bendir Fiskistofa á að formaður veiðifélags Þorvaldsdalsár hafi haft samband við stofnunina og lýst yfir áhyggjum vegna vatnstöku og nálægð mannvirkja við ánni.

Áhrif á aðra fiskistofna

Fram kemur að allt frárennsli frá stöðinni verði leitt í gegnum fiskhelda rist sem verði útbúin þannig að aðskotahlutir í vatninu yfir ákveðinni stærð komist ekki í gegnum ristina. Því muni seiði ekki berast til sjávar frá eldisstöðinni.

Í umsögn Fiskistofu segir að ef hægt sé að tryggja að fiskar berist ekki lifandi frá stöðinni út í náttúruna og að tryggt verði að mengun berist ekki frá stöðinni telji stofnunin ekki nauðsynlegt að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum. Þó þurfi að huga sérstaklega að því hvort líkur séu á því að slys geti orðið við dælingu seiða í brunnbát, en hægt væri að læra af reynslu Norðmanna í því efni.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar segir að mikilvægt sé að framkvæmdaraðili geri vel grein fyrir því hvernig afhending seiða fari fram. Búa verði þannig um hnútana að sem minnstur möguleiki verði að seiði sleppi í sjó við þær aðgerðir.

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögnum Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunar segir að ekki verði slegið af neinum kröfum um búnað til að koma í veg fyrir stök lifandi laxa frá stöðinni. Horft verði til reynslu og þekkingar hér á landi og erlendis varðandi endanlega útfærslu á búnaði og aðferðum til afhendingar seiða um borð í brunnbát. Afhendingu seiða verði hagað á þann hátt að slysasleppingar geti ekki átt sér stað. Seiðum verði dælt um borð í bát sem annað hvort verði bundinn við bryggju og/eða ból rétt fyrir utan fjöruna. Það verði nánar metið þegar endanleg hönnun hefjist.

Í frekari umsögn Fiskistofu er ítrekað að læra megi af reynslu Norðmanna í að meta áhættu af starfseminni, sem taka eigi mið af við mat á því hvort framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.

Í svari framkvæmdaraðila við síðari umsögn Fiskistofu er greint frá leiðbeiningum Norðmanna um hönnun rista fyrir frárennsli.



Úrgangur og losun næringarefna

Fram kemur að við framleiðslu á 1.200 tonnum af lífmassa á ári muni um 150 tonn af lífrænum næringarefnum berast með eldisvökva til hreinsibúnaðar. Gert sé ráð fyrir að u.þ.b. 70% af vatni verði hringrásað og að vatnið verði hreinsað, loftað og súrefnisbætt fyrir endurnotkun. Þannig megi búast við að allt að 50% úrgangsefna náist úr frárennsli og fari í sérstakan söfnunartank. Því muni 78 tonn af úrgangsefnum renna til sjávar. Söfnunartankur verði tæmdur reglulega af Sorpu eða sambærilegu fyrirtæki. Tekin verði botnsýni á nokkrum stöðum þar sem frárennslið renni úr frárennislögn en útfærsla á sýnatöku verði útfærð nánar við afgreiðslu starfsleyfis í samvinnu við viðkomandi stjórnvald. Gert sé ráð fyrir að sett verði upp vöktunaráætlun í samráði við Umhverfisstofnun.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að stofnunin telji að ekki sé ljóst hver raunveruleg losun næringarefna til sjávar verði. Ekki sé gerð grein fyrir fóðrinu sjálfu en efnasamsetning seiðafóðurs sé ekki sú sama og fóðurs fyrir sjókvíaeldi. Þá telji stofnunin að færa þurfi rök fyrir því að viðeigandi sé að meta losun næringarefna frá seiðaeldi á landi út frá rannsóknum á losun næringarefna frá sjókvíaeldi líkt og gert sé í tilkynningu. Hafrannsóknastofnun bendir einnig á að uppleyst næringarefni muni ekki minnka að ráði þó svo vatnslosun minnki með endurnýtingu eldisvatns. Jafnframt telji stofnunin að umfjöllun um vöktun á áhrifum frárennslis sé ábótavant sem og umfjöllun um fyrirkomulag frárennislagna. Að mati stofnunarinnar gæti verið ástæða til að íhuga lengri lagnir en gert sé ráð fyrir í tilkynningu.

Í svari framkvæmdaraðila við umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að munurinn á fóðri fyrir seiði og eldislax sé lítill og hafi nánast engin áhrif á útreikninga á hlutdeild lífrænna efna sem skipta máli. Jafnframt sjái framkvæmdaraðili ekki að það skipti máli hvort lífræn efni berist til hafs frá plastlögn eða frá eldiskví nema að hugsanlega geti botnsvæði í næsta nágrenni við útrennsli orðið fyrir ofauðgunaráhrifum. Þekkt sé að þynningaráhrifin frá starfsemi af þessu tagi, við svipaðar aðstæður, séu mjög mikil. Ef sýnt verði að að stefni í ofauðgun muni frekari viðbrögð virkjuð eins og t.d. að bæta við búnaði til aukinnar hreinsunar. Hvað varði endurnýtingu á eldisvatni og uppleyst næringarefni þá sé hægt að hreinsa 50-70% frárennslis með grófhreinsibúnaði og að reynslan sýni að með grófhreinsibúnaði sé hægt að endurnýta 70-80% af eldisvatni. Varðandi athugasemd Hafrannsóknastofnunar um lengd frárennislagna þá sé lýsing á fyrirhuguðum lögnum í tilkynningu í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra segir að Heilbrigðiseftirlitið telji að gera megi ítarlegri grein fyrir fyrirkomulagi mannvirkja og sér í lagi varðandi hreinsun frárennslis. Þá þurfi að gera ítarlegri grein fyrir mótvægis- og vöktunaraðgerðum. Það sé álit Heilbrigðiseftirlitsins að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svari framkvæmdaraðila við umsögn Heilbrigðiseftirlitsins kemur fram einungis sé búið að grófhanna stöðina og að ekki sé búið að ákveða útfærslu á hreinsun frárennslis. Framkvæmdaraðili búið við að notast við tromlu sem síi efni sem ekki eru í uppleystu formi og færi þau yfir í rennu sem flytji þau í söfnunartank. Um sé að ræða tækni sem sé algeng í sambærilegum eldisstöðvum.

Vatnsnotkun

Fram kemur að fyrirhugað sé að bora eftir ferskvatni á tveimur stöðum sunnan við fyrirhugaða seiðaeldisstöð. Við framleiðslu á 1.200 tonnum verði heildarvatnsnotkun alltaf undir 300 l/sek og þar af verði grunnvatnsnotkun um 180 l/sek.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að vatnstakan kunni að hafa áhrif á vatnsbúskap árinna og lífríki hennar, en upplýsingar um það hvort eða hve mikil þau áhrif kunna að verða koma ekki fram í tilkynningu. Ef vatnstaka myndi hafa áhrif á vatnsbúskap þyrfti að taka tillit til þess þegar ákvörðun



um hugsanlegt mat á umhverfisáhrifum væri tekin. Þá bendir Fiskistofa á að hafi vatnsmiðlun áhrif á vatnsmagn í veiðivatni skal ávallt haga henni þannig að sem minnst röskun hljótist af fyrir lífríki, fiskför og veiði. Einnig sé rekstraraðila skylt að hafa samráð við veiðifélag eða veiðiréttarhafa þar sem ekki er veiðifélag um vatnsmagnsbreytingar sem fyrirhugaðar eru á hverjum tíma og líklegar eru til að hafa áhrif á fiskför, sbr. 4. mgr. 35. gr. laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar um framkvæmdina kemur fram að mögulegt sé að vatnsnotkun verði tímabundið meiri en áætlað sé, t.d. ef endurnýtingarkerfi bili. Ekki sé þekkt hvaða áhrif vatnstaka hafi á vatnsrennsli Þorvaldsdalsár en mikilvægt sé að tryggja að það hafi ekki áhrif lágmarksrennsli árinna. Fari farvegur á þurrt gæti það haft alvarlegar afleiðingar fyrir lífríki árinna. Miðað við framkomnar tölur sé full ástæða til að forsendur séu kannaðar frekar. Þá kemur fram í umsögninni að í tilkynningu um framkvæmd sé gefið í skyn að mögulega verði um frekari vatnstöku síðar og þá hugsanlega úr ánni.

Í svari framkvæmdaraðila við umsögnum Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu kemur fram að rennislismælir sé staðsettur fyrir ofan foss, u.þ.b. tveimur km fyrir ofan ós árinna. Það vatn sem eldið muni nota sé grunnvatn óháð ánni og hugsanlega eitthvað af vatni sem komi í ána fyrir neðan rennislismælinn.

Í umsögn Orkustofnunar kemur fram að stofnunin hafi sett umsókn Laxóss ehf. um nýtingarleyfi á 120 l/s af grunnvatni vegna seiðaeldisins í biðstöðu. Orkustofnun telji rétt að umsækjandi endurskoði umsókn sína í samráði við sveitarfélag, einkum með tilliti til svæða með betri vatnsöflunarmöguleika og til að forðast mögulega árekstra við öflun neysluvatns. Umsögninni fylgdi svarbréf Orkustofnunar til Laxóss ehf. vegna umsóknarinnar. Þar er vísað til úttektar á vatnsbólum í Krossafjalli og vatnsöflunarkostum á Ársskógströnd sem unnin var af Íslenskum orkurannsóknum árið 2015. Einnig er vísað til greinargerðar um verndarsvæði vatnsbóla Ársskógssands og Hauganess sem gerð var af Náttúrufræðistofnun Íslands árið 1994. Með hliðsjón af niðurstöðum þeirra gagna dregur Orkustofnun það sterklega í efa að hægt sé með góðu móti að afla þess magns af ferskvatni á fyrirhuguðum vatnstökusvæðum, sem sótt er um nýtingarleyfi fyrir. Jafnframt bendir Orkustofnun á að yfirfall úr rotþróum gæti haft áhrif á gæði vatns sem tekið yrði svo neðarlega úr áreyrum.

Í svari framkvæmdaraðila er staðfest það sem kemur fram í umsögn Orkustofnunar. Jafnframt er tiltekið að framkvæmdaraðili muni fara yfir vatnstökumálin með veitustjóra Dalvíkurbyggðar og sérfræðingi Orkustofnunar þegar niðurstaða Skipulagsstofnunar liggja fyrir.

Menningarminjar

Fram kemur að 12-14 skráðir minjastaðir séu í grennd við fyrirhuguð mannvirki, samkvæmt aðalskráningu og að unnið sé að deiliskráningu fornminja sem verði lokið fyrir samþykkt deiliskipulagstillögu. Ekki sé gert ráð fyrir áhrifum framkvæmda á fornminjar í nágrenni fyrirhugaðra framkvæmda.

Minjastofnun Íslands bendir á að fyrirliggjandi fornleifaskráning í tengslum við aðalskipulagsgerð sé ekki fullnægjandi þegar kemur að því að meta áhrif framkvæmdar á fornleifar. Stofnunin vekur athygli á að við nánari skráningu í tengslum við deiliskipulagsgerð þurfi að færa útlínur skráðra minja inn á deiliskipulagsuppdrátt og gera grein fyrir áhrifum skipulagsins í greinargerð eða umhverfisskýrslu. Taka skuli tillit til fornleifa í skipulagsvinnunni og það útfært þannig að það raski ekki fornleifum. Leita skuli áhlits minjavarðar Norðurlands eystra á lýsingu deiliskipulags og deiliskipulagstillögu. Að því gefnu að farið verði eftir ábendingum Minjastofnunar við deiliskipulagsgerð fyrir framkvæmdasvæðið telur stofnun að framkvæmin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Í viðbrögðum framkvæmdaraðila við umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að vinna við deiliskráningu sé hafin og að unnið verði að skipulagskostum þar sem leitast verður við að sneiða hjá röskun á minjum og nágrenni þeirra eins og kostur er.

Náttúruvá

Ekki er fjallað sérstaklega um náttúruvá í tilkynningu framkvæmdaraðila en í umsögn Hafrannsóknastofnunar er athygli vakin á því fyrirhuguð framkvæmd sé innan þess svæðis sem teljist til farvega árinna og að ekki liggi fyrir afmörkun á vatnsbökkum í flóðum sem ætti að vera ein af grunnforsendum staðarvalsins. Stofnunin telji að mögulega sé hættu á vatnstjóni í flóðum á fyrirhuguðu byggingarsvæði. Það gæti því þurft að gera ráðstafanir til að verja mannvirki en slík mannvirki á norðurbakka gætu aukið hættu á flóðum og rofi á suðurbakka.

Í svari framkvæmdaraðila við umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að grunnur undir mannvirki verði hækkaður um 1-2 m miðað við núverandi stöðu lands. Þá er nefnt að áin hafi verið að færast vestur og að uppi séu hugmyndir um að færa ána í upprunalegan farverg til að minnka líkur á skemmdum af völdum flóða og klakahlaups. Jafnframt verði styrktarkantur við suðurgafli klak- og seiðaeldisdeildar og mögulega styrking við suðausturvegg sjógönguseiðahúss.

Veðurstofa Íslands bendir á að fyrirhuguð sjógönguseiðastöð sé við svonefnt Dalvíkurbrotabelti og að samkvæmt endurskoðaðri, láréttri hönnunarhröðun fyrir Ísland megi gera ráð fyrir því að það séu 10% líkur á 50 árum að mesta lárétta hröðun við Árskógssand geti orðið 50% af g eða meiri. Mikilvægt sé að kanna hvort sprungur eða misgengi leynast undir eða við fyrirhugað byggingarsvæði því ekki sé ráðlegt að byggja á eða við sprungur.

Í svari framkvæmdaraðila við umsögn Veðurstofu Íslands kemur fram að byggingarverkfræðingar munu kanna hvort sprungur eða misgengi leynist undir fyrirhuguðu byggingarsvæði eða annað sem hugsanlega gæti leitt af sér tjón af völdum jarðskjálfta. Jafnframt er bent á að fjölmargar sambærilegar landeldisstöðvar hafi verið á suðurlandi árið 2008 þegar Suðurlandsskjálftinn reið yfir. Skjálftinn hafi ekki ollið teljandi eignatjóni á fiskeldisstöðvum né orðið til þess að fiskur slyppi.

Skipulag og leyfisveitingar

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi og byggingaleyfi Dalvíkurbyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010, sbr. reglugerð um byggingarleyfi nr. 112/2012. Framkvæmdin er Einnig háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 785/199 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, rekstrarleyfi Matvælastofnunar skv. 7. gr. laga um fiskeldi, leyfi Orkustofnunar til nýtingar á grunnvatni skv. lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 og leyfi Fiskistofu vegna framkvæmda nær veiðivatni en 100 m, skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Framkvæmdin er ekki í samræmi við aðalskipulag Dalvíkurbyggðar og ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið.

Niðurstaða

Við ákvörðun um hvort framkvæmd sem er tilkynningarskyld skuli háð umhverfismati skal Skipulagsstofnun taka mið af viðmiðum sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sem varða eðli framkvæmdar, staðsetningu framkvæmdar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar. Hér að neðan er gerð grein fyrir niðurstöðu stofnunarinnar um fyrirhugaða seiðaeldisstöð við Þorvaldsdalsá að teknu tilliti til framangreindra



viðmiða, byggt á framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, umsögnum umsagnaraðila og svörum framkvæmdaraðila.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal m.a. taka mið af stærð og umfangi framkvæmda, úrgangsmýndun, mengun, ónæði og slyshættu sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um útfærslu og umfang aðkomuvegar að eldishúsum en samkvæmt tölvupósti framkvæmdaraðila er vegurinn fyrirhugaður nokkru sunnar en fyrirhuguð eldisstöð. Það er því óljóst hvaða áhrif vegagerðin gæti haft á landslag, gróður og aðgengi meðfram ánni.

Þá liggur ekki fyrir fyrir afmörkun á vatnsbökkum árinna í flóðum og ekki hefur verið varpað ljósi á flóðahættu og áhrif flóða. Í upplýsingum frá framkvæmdaraðila segir að mögulega verði reistir styrktarkantar við fyrirhuguð mannvirki næst ánni tog að jafnframt séu uppi hugmyndir um að færa farveg árinna til að verjast skemmdum af völdum flóða og klakahlaups.

Ekki er skýrt fram í gögnum framkvæmdaraðila hvernig afhendingu sjógönguseiða verður háttað. Skipulagsstofnun telur að ekki hafi verið varpað nægilega skýru ljósi á hættu á slysasleppingum.

Óvíst er um útfærslu frárennslis frá seiðaeldisstöðinni. Í upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé búið að ákveða útfærslu frárennslis en hann búið við að notast við tromlu sem síi efni sem ekki eru í uppleystu formi og færi þau yfir í rennu sem flytji þau í söfnunartank. Um sé að ræða tækni sem sé algeng í sambærilegum eldisstöðvum.

Ofangreind atriði geta ráðið miklu um hve mikil áhrif framkvæmdin kann að hafa á einstaka umhverfisþætti.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af því hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, m.a. með tilliti til landnotkunar sem fyrir er, magns, gæða og getu til endurnýjunar náttúruauðlinda og verndarsvæða samkvæmt 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdin er fyrirhuguð á svæði sem er hverfisverndað í aðalskipulagi sem útivistarsvæði. Framkvæmdaraðili og sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar hafa bent á að þær jarðmyndanir sem séu ástæða hverfisverndunar séu ekki á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Að mati Skipulagsstofnunar mun framkvæmdin þó óumflýjanlega breyta ásýnd svæðisins og rýra útivistargildi þess.

Fyrirhugaðar framkvæmdir fela í sér að borað verður eftir grunnvatni á tveimur stöðum og að grunnvatnsnotkun verður að hámarki um 180 l/sek. Í umsögn Orkustofnunar kemur fram að stofnunin dragi í efa að hægt sé með góðu móti að afla 120 l/sek af vatni á fyrirhuguðu vatnstökusvæði líkt og sótt er um nýtingarleyfi fyrir. Í ljósi álits Orkustofnunar telur Skipulagsstofnun að ráðast þurfi í ítarlegri rannsóknir á möguleikum til grunnvatnsvatnstöku á svæðinu. Þá hafa Fiskistofa og Hafrannsóknastofnun bent á að vatnstaka kunni að hafa áhrif á rennsli Þorvaldsdalsár og lífríki hennar.

Kveðið er á um vernd bakkagróðurs í 62. gr. laga um náttúruvernd. Þar segir að leitast skuli við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Fyrirhuguð mannvirki verða á bökkum Þorvaldsdalsár og munu þrengja að ánni. Fyrirhugað byggingarsvæði er votlent að



hluta og þarf töluverð jarðvegsskipti til að lóðir verði byggingarhæfar. Að mati Skipulagsstofnunar er óljóst hvaða áhrif fyrirhugaðar framkvæmdir koma til með að hafa á ána, bakka hennar og lífríki.

Ákvörðunarorð

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Laxóss ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Laxóss ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna og að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að seiðaeldisstöð við Þorvaldsdalsárós kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Byggir sú niðurstaða sérstaklega á eftirtöldum viðmiðum sem tilgreind eru í 2. viðauka laganna:

- Eðli framkvæmdar, sbr. 1. tl. í 2. viðauka, með tilliti til þess að upplýsingar vantar um ýmsa þætti framkvæmdarinnar sem geta ráðið miklu um hvaða áhrif framkvæmdin hefur á einstaka umhverfisþætti. Þar er átt við upplýsingar um útfærslu og umfang aðkomuvegar, útfærslu og umfang framkvæmda til að verjast flóðum, útfærslu á hreinsun frárennslis og útfærslu á afhendingu seiða.
- Staðsetningu framkvæmdar, sbr. 2. tl. í 2. viðauka. Framkvæmdin er fyrirhuguð á svæði sem er hverfisverndað sem útivistarsvæði í aðalskipulagi. Einnig er óljóst hvernig vatnstöku verður háttað og hvaða áhrif vatnstaka á svæðinu kann að hafa á vatnsból og getu þeirra til endurnýjunar. Þá vantar upplýsingar um áhrif framkvæmda á Þorvaldsdalsá, bakka árinna og lífríki.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. maí 2017.

Reykjavík, 7. apríl 2017

Jakob Gunnarsson

Egill Þórarinnsson